

## Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skaftfellingafélagið halda áfram sameiginlegum spilakvöldum í vetur eins og undanfarin ár. Spiluð verður framsóknarvist í Skaftfellingabúð eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:00.

Fyrir áramót:  
29. okt. – 12. nóv. – 26. nóv. 2003.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.  
Verð kr. 700.

## Myndakvöld

Fimmtudaginn 20. nóvember verður fyrsta myndakvöld vetrarins í Skaftfellingabúð og hefst kl. 20:30.

Þar sýnir Hákon Gunnarsson myndir af gönguleiðum á Skaftártunguafretti og fjallendi norðan Mýrdalsjökuls. Hákon hefur starfað við skálavörslu og trússflutninga fyrir gönguhópa á vegum Útivistar á þessu svæði. Aðgangur ókeypis.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.  
Verð kr. 700.

## Stjórn félagsins 2002 – 2003

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Erla Ásgeirsdóttir	554 1241	861 9941
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Magnhildur Ólafsdóttir	557 1337	691 3337
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn	sími	GSM
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

**MUNIÐ AUGLÝSINGAR  
Í DAGBÓKUM DAGBLADANNA**

## Vorferð 1. júní 2003

Vorferðin í Rangárþing tókst með ágætum. Tólf skráðu sig í ferðina, að mestu sá áhugasami hópur sem fór austur í Mýrdal árið áður.

Ekið var sem leið lá austur í Land-sveit, þar sem áformað var að stoppa í Galtalækjarskógi til að gera nestinu skil. En þegar þangað kom var hengilás á hliðinu og því ekki hægt að matast þar. Var þá keyrt austur yfir Rangá, að Hólum þar sem pönnukökum og öðru góðgæti ferðalanga var rennt ljúflega niður. Ekið var áfram niður að Keldum, en þar var meðal annars gengið til kirkju. Síðdegis var sögusetrið á Hvolsvelli skoðað og auk þess kaupfélagssýningin þar.

Þá var farið að Fljótssdal, innsta bæ í Fljótshlíð, þar sem menn skoðuðu sig um.

Endaði ferðin með kaffi og kveðskap í Kaffi Langbrók þar sem Jón Ólafsson vert kvað rímur fyrir hópinn af mikilli list.

## Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Helga Guðmundssonar til allrar veisluþjónustu um helgar (s. 820 4381). Aðrar upplýsingar varðandi útleigu virka daga veitir Skúli Oddsson í síma 864 3415.

## Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið:

[skaftfellingar@simnet.is](mailto:skaftfellingar@simnet.is)

# Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

3. tbl. október 2003

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Fýlaveisla**  
25. október 2003

• **Myndakvöld**  
20. nóvember 2003

• **Spilakvöld**  
29. október 2003  
12. nóvember 2003  
26. nóvember 2003

• **Söngfélagið**  
Söngæfingar öll  
mánudagskvöld kl. 20  
Björkvöld 22. nóv.  
Aðventustund 7. des.

• **Þorralót**  
21. febrúar 2004

• **Sumarskál 2003**  
Sigurlaug J.  
Sigurðardóttir

• **Skál**  
Miðvikudaga kl. 19:30  
Laugardaga kl. 11:00

# Fýlaveisla

Okkar geysivinsæla fýlaveisla verður haldin í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag **laugardaginn 25. október 2003** og hefst með borðhaldi kl. 20:00. Húsið opið frá kl. 19:00.

Mýrdælingar hafa frá fornu fari rotað fýlsunga sér til matar og saltað í kút til vetrarins. Skaftfellingafélagið hefur staðið fyrir fýlaveislum í nær tuttugu ár og hefur aðsókn sífellt verið að aukast.

Fýllinn kemur frá Presthúsum og rófurnar frá Þórisholti eins og tíðkast hefur til margra ára. Að auki verður boðið upp á hangikjöt og tilheyrandi meðlæti.

Um matseldina sér Inga Jóna Sigfúsdóttir.

Hljómsveitin Vírus leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu. Miðaverð kr. 3.500 (kr. 1.000 á dansleik)

Skráning í síðasta lagi 23. október hjá:

Höllu Bjarnadóttur (862 0044)  
Hákoni J. Kristmundssyni (821 2115)  
Sigurlaugu J. Sigurðardóttur (891 7354)

## Þorrablot

Laugardaginn 21. febrúar 2004 er áformað að halda þorrablot Skaftfellingafélagsins. Nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

## Söngfélag Skaftfellinga

Söngfélagið hefur nú hafið 31. starfsár sitt og eru söngæfingar í Skaftfellingabúð á mánudögum kl. 20. Unnið er að útgáfu geisladisks með gömlum og nýjum upptökum af tónleikum kórsins og verður hann til sölu fyrir jól.

Nýir söngfélagar eru velkomnir.

Þá verður haldið bjórkvöld í Skaftfellingabúð laugardaginn 22. nóvember kl. 21. Allir velkomnir.

Söngfélagið verður að venju með aðventustund í Skaftfellingabúð sunnudaginn 7. desember. Kaffiveitingar, upplestur og fleira. Nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Formaður Söngfélagsins er Kolbrún Einarsdóttir, s. 824 5521

## Hreinsun í Heiðmörk

Laugardaginn 31. maí var hreinsað lítið eitt til í trjáreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk, en venjan er að hópast þangað síðla í maí ár hvert til að grisja. Til stendur að gera þennan reit aðgengilegru með því að leggja þar göngustíg og setja niður borð með áföstum bekkjum. Reiturinn, sem er einn hektari, heitir Skaftafell og er merktur með skilti u.þ.b. 2km frá Þjóðvegi 1 austan Hólmsárbrúar.

## Skálm

Skálmað verður áfram á... **laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)** og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)** Það verður ýmislegt á þrjónum Skálmara í vetur og væri æskilegt að sjá fleiri ný andlit meðal ágæts kjarna. Skorað er á hressa og spræka Skaftfellinga að reima á sig skóna og skálma svo. Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 8.10: Hafnarfjörður – sundhöll v/Herjólfsg.**
- 11.10: Úlfarsfell**
- 15.10: Hafnarfjörður – Suðurbæjarlaug**
- 18.10: Grafarvogur – kirkja**
- 22.10: Kópavogslaug**
- 25.10: Skaftfellingabúð**
- 29.10: Laugardalur – sundlaug**
  - 1.11: Seltjarnarnes – Gróttá**
  - 5.11: Mosfellsbær - íþróttahús/laug**
  - 8.11: Heiðmörk – Furulundur**
  - 12.11: Nauthóll**
  - 15.11: Miðbæjarrölt - Hallgrímskirkja kl. 18**
  - 19.11: Víkingsheimili**
  - 22.11: Hvaleyrarvatn**
  - 26.11: Breiðholt – Breiðholtskirkja**
  - 29.11: Mosfellsbær - v/Pverholt**
  - 3.12: Nauthóll**
  - 6.12: Elliðaárdalur – gamla rafstöð**
  - 10.12: Laugardalur – sundlaug**
  - 13.12: Miðbær – Hallgrímskirkja kl. 17**
  - 17.12: Miðbær – Miðbakki**
  - 20.12: Heiðmörk – Furulundur**

Jólaskálm eftir þörfum.

- 3.1: Garðabær – sundlaug**
- 7.1: Ægisíða – Vesturbæjarlaug**
- 10.1: Grafarvogur – sundlaug**
- 14.1: Kópavogur – Fífan íþróttahús**
- 17.1: Arnarnes – sundlaug Garðabæjar**
- 21.1: Árbæjarlaug**
- 24.1: Grafarvogur – Egilshöll**
- 28.1: Hafnarfjörður – v/kirkjugarð**
- 31.1: Mosfellsbær – Álafoss**

**Skálm hafa endrum og eins lagst í súkkulaðidrykkju að lokinni göngu og mun svo verða áfram í vetur.**

**Nær jólum, eða þann 13.des. verður farið á veitingahús og þar etið, drukkið og hlegið.**

**Skálm fyrir alla !**

## Sumarskálm 10. – 13. júlí 2003

Öðru sinni lögðu Skálmur upp í sumarferð um hálendi Suðurlands þar sem í daglegu tali kallast Laugavegur. Þá er oftast lagt upp frá Landmannalaugum og gengið til Þórsmerkur. Leið þessi er stíkuð og nærri ógjörningur að tynast, þrátt fyrir að auðvelt sé að gleyma sér innan um undrasmíð náttúrunnar. Genginn var hálfur Laugavegurinn að þessu sinni frá Landmannalaugum í Álftavatn og gist í skálum Ferðafélags Íslands í þrjár nætur.



Brennisteinsalda

Ljós. Gyða Siggeirsdóttir

Síðasta vetur viðraði vel til gönguferða og því allir vel undirbúnir fyrir sumarskálmíð þar sem rogast þurfti með föggur milli skála. Nokkur fell og fjöll voru klifin í æfingaskyni, síðast með bakpoka upp Hjörleifshöfða.

Að morgni fimmtudagsins 10. júlí tóku fimm Skálmur rútu Austurleiðar í Landmannalaugar þar sem menn hreiðruðu um sig í skála FÍ. Fljótt kom útþrá í fjóra af fimm sem í ferðina fóru. Laugasvæðið var kannað, gengið yfir Laugahraunið og á Kjaftöldu. Um kvöldið fengu Skálmur heimsókn staðkunnugs manns sem hafði með sér grillkjet og rauðvínstár. Fróðleik og fóðri var vel tekið og gengið til náða eftir að borið hafði verið á góma.

Upp rann göngudagurinn fyrri, bjartur og fagur. Stefnan var tekin yfir Laugahraunið, meðfram Brennisteinsöldu sem talin er litskrúðugust íslenskra fjalla, upp yfir gróðurlitla mela og ása.

Stígurinn liggur meðfram háhitasvæði þar sem bullandi leir- og gufuhverir hvína og hvæsa, þá taka við skærgrænir djámosar og brátt grillir í víðáttumiklar snjófannir. Síðasti spölurinn í Hrafninnusker var snævipakinn, en bráðnun mikil svo taka varð krók fyrir krapann. Eftir hreiðurgerð í skálanum í Hrafninnuskeri var gengið að íshellunum. Útsýni af skerinu og nágrenni þess er gríðarlegt í svo björtu veðri og blasti tignarlegur Hvannadalshnúkur við okkur auk annarra kunnugra kenninga.

Á öðrum degi lá þykk þoka yfir fjöllum í nágrenni Hrafninnuskers og þegar nær dró hádegi var ekki um annað að ræða en að koma sér af stað áleiðis í Álftavatn.



Kaldaklofsfjöll – Álftavatn

Ljós. Gyða Siggeirsdóttir

Það var ekki fyrr en komið var fram á brúnir Kaldaklofsfjalla eftir um tveggja stunda gang, að þokunni létti og sást til næsta áningastaðar við Álftavatn. Framundan var þó djúgur gangur um margbrotið landsvæði. Sælar sálir tóku hús í Álftavatni og hvíldu dágóða stund, en eftir kvöldskattinn var farið í útsýnisferðir um næsta nágrenni.

Síðasta daginn var gengið í Hvanngil í veg fyrir rútu Austurleiðar sem flutti endurnærða Skálmara heim á leið um hádegisbil á sunnudegi.

Lauga